

Alþingi
Erindi nr. P 133/912
Komudagur 12.2.2007



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12.02.2007


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald,
nr. 162/2002, 451. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins styðja að þær breytingar, sem ofangreint frumvarp felur í sér, nái fram að ganga.

Samkvæmt frumvarpinu er úrvinnslugjald á oliuvörur, prentliti og hjólbarða lækkað. Úrvinnslusjóður er rekinn á þann hátt að greiðslur fyrir hvern vöruflokk skulu standa undir kostnaði við endurvinnslu vörunnar. Sjóðurinn er því deildarskiptur, greiðslum fyrir hvern vöruflokk er haldið aðskildum og stefnt er að því að halda jafnvægi í álagningu og útgjöldum. Nokkur sjóðsmyndun hefur verið í þeim vöruflokkum sem hér um ræðir og söfnun á úrganginum hefur gengið ágætlega. Það er í samræmi við rekstrarfyrirkomulag sjóðsins að stilla gjaldið af miðað við stöðu einstakra sjóða.

Frumvarpið fjallar einnig um úrvinnslugjald á umbúðir sem lagt er á frá ársbyrjun 2006. Innflytjendum er gert að nýta reiknireglur við álagningu umbúða ef magn umbúða er óþekkt. Reynslan hefur sýnt að stilla þarf gjaldið af bæði ef magn er gefið upp sem og í reiknireglum. Breyting á úrvinnslugjaldi á umbúðir er því eðlileg nú þegar reynsla hefur fengist.

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson



Bryndís Skúladóttir